



Sumarstörf 2020

Íþróttamiðstöðin á Hólmavík leitar að starfsfólki í sumarstörf sumarið 2020.

Um er að ræða lifandi og skemmtilegt starf sem felast meðal annars í **afgreiðslu, baðvörslu, sundlaugarvörslu, þrifum, umsjón með tjaldstæði og öðrum tilfallandi verkefnum.**

Ráðningartímabil er júní, júlí og ágúst. Gerð er krafa um búsetu í Strandabyggð. Unnið er á vöktum.

Gerð er krafa um jákvæðni og ríka þjónustulund, stundvísi, dugnað, sjálfstæð vinnubrögð og kunnáttu í erlendum tungumálum. Í reglugerð nr. 814/2010 um hollustuhætti á sund- og baðstöðum kemur fram að starfsmenn sem sinna laugargæslu skuli hafa náð 18 ára aldri og standast eftirfarandi hæfnispróf.

HÆFNISPRÓF STARFSMANNA SEM SINNA LAUGARGÆSLU

Prófatriði eru:

1. Polsund, 600 m á innan við 21 mínútu (frjáls aðferð).
2. Hraðsund, 25 m á 30 sek.
3. Kafsund, 15 m.
4. Björgunarsund í síðbuxum og síðerma peysu, 25 m með jafningja.
5. Björgun á óvirkum jafningja með björgunarsveig eða öðrum flotáhöldum, úr miðri laug að hliðarbakka, lyfta viðkomandi upp á bakka með aðstoð eins laugarvarðar.
6. Sækja 3 hluti í dýpsta hluta laugar (á allt að 3,5 m dýpi). Synda 5 m á yfirborði, kafa niður eftir hlut, hlutnum skilað á bakka, hvíld milli kafana 10 sekúndur.
7. Hoppa eða stinga sér út í laug, synda 25 m, kafa eftir björgunarbrúðu í dýpsta hluta laugar, færa björgunarbrúðu upp á yfirborðið og synda 25 m til baka, lyfta björgunarbrúðu upp á bakka með aðstoð eins laugarvarðar.
8. Starfsmenn sem sinna laugargæslu skulu ljúka árlegu námskeiði í skyndihjálpi og björgun fyrir sund- og baðstaði og standast alla verklega þætti þess námskeiðs.
9. Fara yfir öryggisatriði og útbúnað (öryggis- og sjúkubúnað) á viðkomandi sund- og baðstað.